



## PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

### Yfirlit vegna bókhaldslegs aðskilnaðar Íslandspósts árið 2016

Íslandspóstur ohf. (ÍSP) hefur í samræmi við ákvæði 18. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu og reglugerðar nr. 313/2005 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekinda afhent Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) kostnaðarlíkan ásamt ítarlegum sundurliðuðum bókhalds- og fjármálaupplýsingum vegna rekstrarársins 2016. Þar kemur fram að ÍSP aðgreinir í sínu bókhaldi tekjur og kostnað vegna einkaréttar frá annari alþjónustu og þjónustu utan alþjónustu.

Kostnaðarlíkan ÍSP byggir á aðferðarfræði langtíma viðbótarkostnaðar (LRIC)<sup>1</sup>, en um er að ræða svokallaða „top down“ LRAIC<sup>2</sup> útfærslu þar sem langtíma meðaltals viðbótarkostnaður er leiddur fram. Byggt er á sögulegum rekstrarkostnaði og notast við árgreiðsluáðferð þar sem ávöxtunarkrafa miðast við vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC) vegna eigna sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu og tekið er tillit til metins líftíma við útreikninga á afskriftum. Framangreint er í samræmi við 4. mgr. 16. gr. laga nr. 19/2002 að verðlagning alþjónustu skuli taka mið af raunkostnaði að viðbættum hæfilegum hagnaði.

Miðað er við að alþjónusta beri að mestu kostnað vegna dreifikerfisins, en samkeppni utan alþjónustu beri viðbótarkostnað í samræmi við notkun á dreifikerfinu. Það er sá kostnaður sem væri umflýjanlegur ef félagið hætti að bjóða upp á samkeppnisvörur utan alþjónustu. Aðferð við útteilingu kostnaðar í líkani ÍSP byggir að miklu leyti á kostnaðarreikningi sem félagið hefur þróað undanfarin ár.

PFS telur að framangreint kostnaðarlíkan sem ÍSP lagði fram þann 17. mars 2017 og síðan í endanlegri útgáfu 1. desember 2017 vegna ársins 2016 byggi á viðurkenndri aðferðarfræði og sé í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 313/2005 og ákvörðun PFS nr. 18/2013 hvað varðar framkvæmd bókhaldslegs aðskilnaðar.

---

<sup>1</sup> LRIC er skammstöfun fyrir „Long-Run Incremental Cost“ eða langtíma viðbótarkostnað. Kostnaður sem bætist við eða sparast við það að tiltekin starfsemi bætist við eða leggst af á þeim forsendum að allur kostnaður er breytilegur.

<sup>2</sup> LRAIC er skammstöfun fyrir „Long-Run Average Incremental Cost“ eða langtíma meðaltals viðbótarkostnað. en þá er stuðst við meðaltals einingarkostnað. Með „top down“ er átt við að byggt er á sögulegum kostnaði viðkomandi fyrirtækis.

Samandregið yfirlit yfir tekjur og gjöld eftir starfsþáttum fyrir árið 2016:<sup>3</sup>

	Einkaréttur	Samkeppni innan alþjónustu	Samkeppni utan alþjónustu	Samtals
Tekjur	3.191.147	3.345.470	1.268.257	7.804.874
Gjöld	-2.693.948	-4.136.050	-1.091.959	-7.921.958
Afkoma starfsþátta	497.199	-790.580	176.298	-117.084
<b>Afstemming við ársreikning:</b>				
Reiknaðir fjármagnsliðir og afskriftir umfram bókfærðir				269.032
Afkoma dóttur- og hlutdeildarfélaganna				23.668
Annað				-41.819
Tekjuskattur				-13.116
<b>Afkoma ársins</b>				<b>120.681</b>

Sú neikvæða afkoma sem birtist í starfsþáttayfirliti félagsins vegna samkeppni innan alþjónustu skýrist að mesti leyti af dreifingu erlends pósts eða sem nemur 649 millj. kr. af 791 millj. kr. tapi. Þetta tap á einkum rót sína að rekja til þeirra alþjóðlegu endastöðvasamninga sem ÍSP er bundin af, en mikil aukning á erlendum póstsendingum hefur einnig áhrif á tilfærslu kostnaðar innan kostnaðarmódelis ÍSP einkum frá einkarétti yfir á samkeppni innan alþjónustu. Þetta þýðir að þær vörur sem falla undir samkeppni innan alþjónustu bera hlutfalslega hærri kostnað af rekstri dreifikerfisins en áður. Kostnaður vegna fækkunar útburðardaga í dreifbýli lækkar, sbr. ákvörðun PFS nr. 34/2015.

Í ákvörðun PFS nr. 17/2015 kom fram hjá PFS að byrði vegna alþjónustu stafaði í meginatriðum af útburði í dreifbýli á bilinu 250-330 millj. kr. og vegna reksturs afgreiðslunets 105 millj. kr., en aðrir þættir voru metnir óverulegir. Þessi kostnaður dreifist í bókhaldi ÍSP á allar vörur innan alþjónustu, einkarétt sem og samkeppni innan alþjónustu. Alþjónustubyrði félagsins hefur farið umtalsvert minnkandi á undanförunum árum m.a. vegna fækkunar á útburðardögum í dreifbýli og aukinnar nýtingar á afgreiðsluneti félagsins ef gengið er út frá sömu forsendum og í ákvörðun nr. 17/2015, en byrðin hefur ekki komið til sjálfstæðrar skoðunar síðan. Í gjöldum einkaréttar er meðtalinn sá kostnaður sem einkarétti er heimilt að greiða niður vegna alþjónustu sem ekki fellur undir einkarétt í samræmi við 2. másl. 6. mgr. 16. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu. Á það sérstaklega við um kostnað vegna útburðar í dreifbýli og rekstur afgreiðslunets eins og fram kom í ákvörðun PFS nr. 17/2015<sup>4</sup> um forsendur og niðurstöðu ÍSP á fjárhagslegri byrði vegna alþjónustuskyldna og í ákvörðun PFS nr. 34/2015 um fækkun dreifingardaga í dreifbýli.

PFS byggir afstöðu sína á ársreikningi félagsins sem áritaður er af Ríkisendurskoðun, yfirferð á kostnaðarlíkani ásamt skýringum, gögnum úr bókhaldi ÍSP og upplýsingum sem stjórnendur fyrirtækisins hafa lagt fram sem rökstuðning fyrir bókhaldslegum aðskilnaði. Jafnframt hefur ÍSP lagt fram frekari upplýsingar og skýringar að beiðni PFS um ýmiss atriði í bókhaldi félagsins vegna bókhaldslegs aðskilnaðar. Þá hefur ÍSP, í samræmi við fyrirmæli PFS, lagt fram álitserð óháðs löggilts endurskoðunaraðila, þar sem m.a. kemur fram að samræmi er á milli lýsingar ÍSP um það hvernig kostnaði er skipt og framkvæmdar á bókhaldslegum aðskilnaði félagsins á árinu 2016.

<sup>3</sup> Fjárhæðir eru í þúsundum króna/.

<sup>4</sup> Ákvörðun PFS var staðfest með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta og póstmála nr. 7/2015.

Með vísun til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu staðfestir PFS hér með að bókhald ÍSP vegna ársins 2016 er í samræmi við reglugerð nr. 313/2005 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekenda.